



HÁSKÓLI ÍSLANDS  
HAGFRÆÐIDEILD



# HAGFRÆÐIDEILD

Skemmtilegt og krefjandi nám

[www.hag.hi.is](http://www.hag.hi.is)



# Hagfræði er skemmtilegt og krefjandi nám

Hagfræði stendur mitt á milli raunvísinda og félagsvísinda og býður upp á fjölbreytta möguleika til atvinnu og framhaldsnáms. BS/BA gráða í hagfræði gefur nemendum gott færi til þess að starfa sem hagfræðingar strax að námi loknu en hefur einnig margsannað sig sem mjög góður undirbúningur fyrir frekara framhaldsnám – hvort sem er í hagfræði eða öðrum greinum. Þá hafa hagfræðingar með BS/BA gráðu verið mjög eftirsóttir í atvinnulífinu, bæði vegna skilnings á efnahagslífinu sem og greiningarfærni – s.s. í stærðfræði eða tölfræði – og eru oftan ekki í stjórnumarstöðum í fyrirtækjum.

Á síðustu áratugum hefur vettvangur hagfræðinnar færst yfir til margra annarra greina – s.s. sálfræði, sagnfræði, landfræði og lögræði, auk fjármála og viðskiptafræði. Ástæðan er einfaldlega sú að hin hagfræðilega nálgun hefur reynst vel í greiningu og lausnum á hinum fjölbreyttustu viðfangsefnum.

Hagfræðideild er tiltölulega lítil deild þar sem nemendur halda þétt saman í bæði leik og námi – og kennslan er persónuleg. Deildin setur aðgangskröfur og fámennir útskriftarárgangar ásamt vökulu gæðaeftirliti hafa tryggt vaxandi eftirspurn eftir nýútskrifuðum hagfræðinemum atvinnulífinu.



## BS-BA nám í hagfræði

### BS nám í hagfræði

Markmið BS námsins er að opna heim hagfræðinnar fyrir nemendum – hvað varðar hugsun, aðferðafræði og kenningar. Í því felst í fyrsta lagi að þjálfna nemendur í stærðfræði og hagrannsóknnum (þ.m.t. tölfræði) svo þeir geti nýtt sér megindlega greiningartækni. Í öðru lagi að kenna þeim kjarna greinarinnar – rekstrarhagfræði og þjóðhagfræði – svo þeir öðlist hlut í faginu og geti hugsað eins og hagfræðingar. Í þriðja lagi kynna fyrir þeim helstu kjarnagreinar viðskiptafræðinnar – s.s. fjármál og lestur ársreikninga. Í fjórða lagi gefa nemendum færi á að dýpka þekkingu sína með því að velja valnámskeið í hinum ýmsu undirgreinum – s.s. vinnumarkaðshagfræði, atvinnuvegahagfræði, heilsuhagfræði eða sögu hagfræðikenninga. Og loks í fimmta lagi, gefa nemendum færi á því að spreyta sig á sjálfstæðri greiningarvinnu með ritun fræðilegrar lokaritgerðar. BS námið í hagfræði hefur í áronna rás sannað sig sem afar góður undirbúningur fyrir vinnumarkað og framhaldsnám.

### BS nám í fjármálahagfræði

BS nám í fjármálahagfræði leggur áherslu á samspil hagfræði og fjármála á bæði hagnýtum og fræðilegum grunni. Nemendur fá sömu grunnþjálfun og aðrir hagfræðinemar, en síðari hluti námsins er síðan helgaður fjármálum. Þá taka nemendur námskeið í Viðskiptafræðideild – s.s. almenn fjármál, fjármál fyrirtækja, afleiður og fjármálagerninga og fjármálaölgfræði – sem og fjármálanámskeið í Hagfræðideild – s.s. um banka og fjármálamarkaði, alþjóðafjármál, opinber fjármál og fjármálahagfræði. Sérstök áhersla er á hagnýta beitingu aðferða og kenninga í náminu og að nemandi geti, á grundvelli þeirra, unnið raunveruleg verkefni í hagfræði og fjármálum.

### BS nám í viðskiptahagfræði

Viðskiptahagfræði sameinar kjarna bæði hagfræði og viðskiptafræðigreina í einni námsgráðu. Nemendur fá sömu grunnþjálfun og aðrir hagfræðingar en gráðan veitir þeim jafnframt frelsi til þess að byggja ofan á þennan grunn með því að velja námskeið úr Viðskiptafræðideild eftir áhugasviði, s.s. í fjármálum, reikningsskilum, markaðsfræði, viðskiptalögræði, alþjóðaviðskiptum eða öðrum slíkum greinum. Þannig geta þeir að miklu leyti raðað saman sinni eigin námsgráðu. BS í viðskiptahagfræði hentar því vel þeim sem vilja stunda hagnýtt og fjölbreytt nám er nýtur viðurkenningar jafnt í atvinnurekstri sem og í háskólum innanlands sem utan.

## Kristófer Már Maronsson, formaður Ökonomía:

„Hagfræðinámið hefur opnað fyrir mér og fleirum nýja sýn á öllu í kringum okkur, við lærum ekki bara um peninga eða þjóðarframleiðslu heldur breytir lærdómurinn því hvernig nánast allar ákvarðanir í lífinu eru teknar. Námið er metnaðarfullt og krefjandi ásamt því að deildin er lítil og óhjákvæmilegt er að eignast nýja vini. Hagfræðinámið við Háskóla Íslands er virt erlendis og opnar á meirihluta alls meistaranáms sem vól er á ásamt því að mikil eftirspurn er eftir vel menntuðum hagfræðingum að námi loknu.“



## BA nám í hagfræði

BA námið veitir nemendum færi á að læra til nokkurrar hlítar viðbótarnámsgrein samhliða hagfræði og er því ætlað þeim sem vilja annað hvort afla sér almennari menntunar eða auka sérhæfingu sína á ákveðnu sviði með framtíðarnám eða starfsvettvang í huga. Sem dæmi má nefna einhvern sem stefnir á blaðamennsku á sviði efnahagsmála og velur þar með BA nám í hagfræði með áherslu á fjölmiðlafræði. BA námið veitir góða undirstöðu fyrir atvinnulífið, en opnar jafnframt dyr að framhaldsnámi. Einn helsti kostur BA námsins er mikill sveigjanleiki, en þriðjung námsins má taka í öðrum deildum, s.s. lögfræði, sagnfræði, fjölmiðlafræði, heimspeki eða stjórnmálafræði, svo nokkur dæmi séu tekin.

## 60 eininga aukagrein í hagfræði

Nemendur í öðrum deildum, sem bjóða upp á 180 eininga nám, geta tekið 60 einingar í hagfræði og útskrifast með BA eða BS próf með hagfræði sem aukagrein. Námsefni er að mestu hið sama og hjá fyrsta árs nemum, sem taka hagfræði sem aðalgrein. Lögð er áhersla á stærðfræði- og tölfraeðiþekkingu og þurfa nemendur að leggja námsáætlun sína fyrir umsjónarmann grunnnáms til samþykkis.

## Inntökuskilyrði

Nemendur sem sækja um grunnnám í Hagfræðideild þurfa að þreyta og standast A-próf og stærðfræðipróf, sem haldin eru á hverju vori að loknum prófum í framhaldsskólum. Prófuð er grunnfærni í stærðfræði, íslensku og ensku og tekið mið af

kennslufni framhaldsskólanna. Aðgangur er öllum opinn sem standast A-prófið og stærðfræðiprófið. Ekki eru í gildi neinar takmarkanir á fjölda þeirra sem geta hafið nám hverju sinni. Nánari upplýsingar á [www.hag.hi.is](http://www.hag.hi.is).

# Framhaldsnám í hagfræði

## Fjármálahagfræði · Ph.D. í hagfræði

### MS í fjármálahagfræði

Markmiðið með náminu er að undirbúa nemendur vel fyrir ýmis störf á fjármálamarkaði, í fyrirtækjarekstri, rannsóknnum eða á þeim mörgu sviðum þar sem háskerpu fjármálaþekking kemur að notum. Námið er þriggja missera nám, þar sem lögð er áhersla á samspil fjármálafræði og hagfræði með áherslu á hagnýt viðfangsefni.

Inntökuskilyrði eru góður grunnur í stærðfræði og tölfraeði. Þeim, sem ekki hafa fullnægjandi grunn býðst að taka innangsnámskeið í þjóðhagfræði og rekstrarhagfræði á fyrsta misseri. Námið miðast við þrjú misseri. Auk rannsóknarritgerðar, sem er 30 eða 60 einingar, eru skyldunámskeið að jafnaði 30 einingar og valnámskeið að jafnaði 30 einingar.



---

## MFin - meistaranám í fjármálum

---

MFin – meistaranám í fjármálum (Master of Finance) – byggir á samvinnu Viðskiptafræðideildar og Hagfræðideildar, en hvor deild hefur um árabíl rekið sína eigin meistaralínu í fjármálum þó með mismunandi áherslum. Annars vegar hefur Viðskiptafræðideild boðið upp á MS í fjármálum fyrirtækja og hins vegar hefur Hagfræðideild boðið upp á meistaranám í fjármálahagfræði. Með MFin eru kraftar þessara tveggja deilda sameinaðir. Sérstaða þessa náms felst í því að náminu lýkur ekki með ritun meistararitgerðar, en í stað þess er lögð áhersla á að þjálfa nemendur í að beita kenningum og aðferðum til þess að leysa hagnýt verkefni. Námið er samsett úr 15 e. námskeiðum, annars vegar átta skyldunámskeiðum og hins vegar sjö valnámskeiðum sem nemendur velja úr fjölbreyttu úrvali námskeiða.

Inntökuskilyrði eru BS eða BA próf með fyrstu einkunn (7,25), annað hvort í viðskiptafræði (af kjörsviðunum fjármál og reikningshald), hagfræði, verkfræði, stærðfræði, eðlisfræði og skyldum greinum, eða í öðrum greinum ásamt prófi í verðbréfavíðskiptum .

---

## Diplómanám í fjármálahagfræði

---

Diplómanám er um margt líkt MS námi við Hagfræðideild, en áherslur eru að einhverju leyti hagnýtari og síður fræðilegar. Námið felst einungis í námskeiðum og lýkur ekki með rannsóknaritgerð.

---

## Inntökuskilyrði eru BA, BS eða sambærilegt próf

---

Meistaránámsnefnd ákveður hvaða námskeið nemanda ber að taka á grundvelli fyrra náms og reynslu. Nemendur sem náð hafa ákveðnum árangri í tilteknum námskeiðum diplómanáms geta sótt um inngöngu í MS nám. Hluti námskeiða í diplómanámi fæst þá metinn inn í MS nám skv. gildandi reglum um mat á fyrra námi og mati meistaránámsnefndar. Með þessum hætti geta nemendur sem ekki hafa BS eða BA gráðu í hagfræði búið sig undir MS nám við Hagfræðideild.

---

## Doktorsnám – Ph.D.

---

Hagfræðideild Háskóla Íslands býður upp á doktorsnám í hagfræði. Doktorsnámið byggist að mestu á sjálfstæðum rannsóknum nemenda undir handleiðslu kennara. Nánari upplýsingar um doktorsnám og styrki til doktorsnáms á [www.hag.hi.is](http://www.hag.hi.is)



Ásdís Kristjánsdóttir,  
MS í fjármálahagfræði.  
Forstöðumaður efnahagssviðs SA.

„Að loknu grunnnámi í verkfræði stóð valið á milli þess að halda áfram á sömu braut eða breyta um stefnu. Í ljósi þess að ég hafði áhuga á efnahagsmálum en skorti tengingu við fræðin varð hagfræðin fyrir valinu. Námið í hagfræði var bæði krefjandi og hagnýtt. Ég tel að námið hafi veitt mér góðan grunn fyrir þau verkefni sem ég er að takast á við og geri ráð fyrir að takast á við í framtíðinni.“

---

## Ökonomía, félag grunnnema

---

Félag hagfræðinema heitir Ökonomía og annast sameiginlega hagsmuni nemenda við Hagfræðideild og hefur umsjón með félagsstarfi nemenda innan deildarinnar. Meðal viðburða á vegum félagsins yfir veturinn má nefna árshátíð, hagstjórnardaginn, haustferð, skíðaferð og heimsóknir í fyrirtæki. Ökonomía gefur út blað hagfræðinema Hjálmar, sem kemur út með Viðskiptablaðinu og er eitt stærsta blað sem nemendur gefa út á landinu.

Nánar um félagið á [www.okonomia.hi.is](http://www.okonomia.hi.is).

---

## Maestro, félag meistaraneima

---

Maestro er nemendafélag meistaraneima við Viðskiptafræðideild og Hagfræðideild Háskóla Íslands. Tilgangur félagsins er að vinna að hagsmunamálum meistaraneima í deildunum og stuðla m.a. að faglegri umræðu meðal félagsmanna með fundum og útgáfu fréttabréfs. Á hverju ári eru skipulagðir ýmsir viðburðir á vegum félagsins. Má þar nefna skipulagðar heimsóknir í fyrirtæki og stofnanir, þar sem nemendur fá tækifæri til þess að tengja saman fræðin og atvinnulífið. Allar nánari upplýsingar um félagið eru á heimasíðu þess, [www.maestro.hi.is](http://www.maestro.hi.is).

---

## Skiptinám við erlenda háskóla

---

Nemendum við Hagfræðideild Háskóla Íslands stendur til boða að taka hluta af námi sínu við erlenda háskóla og fá það metið til eininga heima fyrir, að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Auðvelt er að finna góðar hagfræðideildir við háskóla á öllum Norðurlöndunum og flestum Evrópulöndum svo dæmi séu nefnd. Deildin hvetur nemendur til að nýta sér stúdentaskipti, því námsdvöl erlendis stuðlar að aukinni viðsýni,

gefur nemendum kost á að kynnast annarri menningu og efla færni sína í tungumálum. Háskóli Íslands er aðili að nokkrum samstarfsnetum og námsstyrkjum, m.a. Erasmus og Nordplus. Nánar á [www.ask.hi.is](http://www.ask.hi.is).

---

## Góð aðstaða

---

Aðstaða til náms við Hagfræðideild HÍ er afar góð, bæði í nýjum glæsilegum háskólabyggingum og í Odda, þar sem hjarta deildarinnar slær. Svo má ekki gleyma Stúdentakjallaranum, sem er að festa sig í sessi sem miðpunktur í félagslífi stúdenta.

---

## Umsóknir grunnám og framhaldsnám

---

Umsóknarfrestur í grunnám er til og með 5. júní, afrit af stúdentsprófsskírteini þarf að fylgja. Umsókn um meistaranám er til 15. apríl. Rafræn umsóknareyðublöð og nánari upplýsingar eru á vef Hagfræðideildar á [www.hag.hi.is](http://www.hag.hi.is). Nemendaskrá er opin frá kl. 10-15 alla virka daga.

---

## Hagnýtt undirbúningsnámskeið

---

Áður en nemendur hefja grunnám við deildina stendur þeim til boða að sækja námskeið í reikningshaldi. Námskeiðið er haldið í ágústmánuði og stendur yfir í tvær vikur.

---

## Einingakerfi

---

Allt nám við Hagfræðideild er metið til eininga (ECTS). Nemendur í fullu námi ljúka 60 einingum á námsári eða 30 einingum á misseri að jafnaði. Nemendur í fullu námi geta lokið grunnámi við deildina á þremur árum.

## Útskrifaðir nemendur



Halldór Benjamín Þorbergsson  
BS hagfræði  
Framkvæmdastjóri viðskiptaþróunar  
Icelandair Group



Haraldur Johannessen  
BS hagfræði  
Ritstjóri Morgunblaðsins



Heiðar Guðjónsson  
BS hagfræði  
Fjárfestir



Herdís Steingrímsdóttir  
BS hagfræði  
Lektor við hagfræðideild CBS



Illugi Gunnarsson  
BS hagfræði  
Mennta- og menningarmálaráðherra



Lilja Dögg Jónsdóttir  
BS hagfræði  
Development Director hjá Redstar Ventures



María Sigrún Hilmarsdóttir  
BA hagfræði  
Fréttakona á RÚV



Markús Árnason  
BS hagfræði  
Forstöðumaður fjárfestinga hjá  
Tryggingamiðstöðinni



Regína Bjarnadóttir  
BS hagfræði  
Framkvæmdastjóri Aurora velgerðasjóðs





HÁSKÓLI ÍSLANDS  
HAGFRÆÐIDEILD

---

Hagfræðideild · Gimli v/Sæmundargötu · 101 Reykjavík · sími: 525 4500 · fax: 552 6806 · gimli@hi.is

---

[www.hag.hi.is](http://www.hag.hi.is)